

Fimmtudaginn 15. júní 1989.
 Nr. 29/1987. **Hreppsnefnd Holtahrepps**
f.h. hreppsins,
hreppsnefnd Landmannahrepps
f.h. hreppsins
og eigendur og ábúendur
Næfurholts og Hóla
 (Árni Grétar Finnsson hrl.)
 gegn
hreppsnefnd Skaftártunguhrepps
f.h. hreppsins
 (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og gagnsök.

Landamerksamál. Afréttur. Gjafsókn. Gjafvörn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir þess, „að hrundið verði öllum kröfum gagnáfrýjanda og mörkin á milli afréttarlanda nefndra hreppa, þ.e. Landmanna-afréttar að austan og afréttar Skaftártunguhrepps að vestan, verði staðfest svo sem þau voru ákveðin í dómsátt, gerðri fyrir auka-dómþingi Rangárvallasýslu 7. ágúst 1951, nánar til tekið eftir kennileitum og örnefnum með hnitum frá norðri til suðurs sem hér segir: úr Svartakambi, þar sem hann er hæstur (punktur H - hnit Y 412.330, X 526.125), þaðan þvert á Tungnaá (punktur I - hnit Y 409.800, X 523.930), síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós (punktur J - hnit Y 389.300, X 544.300) og eftir honum í Kirkjufellsvatn (punktur K - hnit Y 386.470, X 544.910), þaðan eftir Hábarmi (punktur L - hnit Y 381.606.2, X 546.993.5) í há-Torfajökul (punktur M - hnit Y 376.050, X 543.475)“. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir

Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en aðaláfrýjendur, sem höfðu gjafvörn í héraði, hafa fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 1. október 1987, auk 12% söluskatts af málflutningsþóknun fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1987. Hann gerir þær dómkröfur, „að mörkin milli afréttarlanda gagnáfrýjanda að austan og aðaláfrýjenda að vestan verði aðallega ákveðin eftir beinni línu, sem hugsast dregin úr Strútslaug eða Hólmsárbotnum (E) í Námskvíslarmynni (F), þannig að upphafspunktur kröfugerðarinnar sé þar, sem lína þessi sker kröfulínu aðaláfrýjenda í Hábarmi (L), og síðan úr Námskvíslarmynni (F) eftir beinni línu í Þveröldu við austurenda Þórisvatns (G)“. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar landamerkin. Í báðum tilvikum er þess krafist, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur fengið gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 11. febrúar 1988 að viðbættum 12% söluskatti af málflutningsþóknun. Í ofangreindum dómkröfum gagnáfrýjanda felst sú afstaða til aðalkröfu aðaláfrýjenda um frávísun málsins frá héraðsdómi, að henni verði synjað.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, sem gerð verður nokkur grein fyrir:

1. Sáttargerð um Landmannaafrétt 16. september 1783 milli Landmanna-, Holta- og Rangárvallahreppa.

2. Ljósrit af bréfi Jóns Jónssonar, Selsundi, 3. september 1832 til hreppstjórans í Landsveit.

3. Bréf hreppsnefndar Skaftártunguhrepps til hreppsnefndar Landmannahrepps 21. janúar 1887, þar sem hreppsnefnd Skaftártunguhrepps lýsir því, að hún sjái sér ekki fært að ákveða landamerki milli Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar, þar sem henni sé ekki kunnugt um, hvort nokkur takmörk milli Rangárvalla- og Skaftafellssýslna séu að fornu ákveðin á því svæði, sem hér um ræðir.

4. Samkomulag hreppsnefnda Holtamannahrepps og Landmannahrepps um afréttarmál 18. apríl 1887.

5. Ljósrit af bréfi Eyjólfss Guðmundssonar, oddvita Landmannahrepps, til sýslumanns Rangárvallasýslu 15. desember 1887.

6. Vottorð Jóns Guðmundssonar, Hreiðri, Landsveit, 2. maí 1889 og vottorð Kristófers Jónssonar, Vindási, Jóns Árnasonar, Skarði, og Árna K. Jónssonar, Látalátum, 3. maí 1889.

7. Bréf hreppsnefndar Skaftártunguhrepps til hreppsnefndar Landmannahrepps 10. mars 1890 um afréttarmörk Skaftártunguhrepps.

8. Bréf Eyjólfss Guðmundssonar til hreppsnefndar Skaftártunguhrepps 29. apríl 1890.

9. Ljósrit af uppgjöri Eyjólfss Guðmundssonar, oddvita í Hvammi, Landsveit, á kalineyrðu fé og óskilafé af Landmannaafrétti 1892 - 1912.

10. Bréf sýslumanns Skaftafellssýslu til vegamálastjóra 17. október 1938 um landamerki milli afrétta Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, sem þar eru talin: „Afréttartakmörkin (sýslutakmörkin) á svæðinu milli Mýrdalsjökuls og Tungnaár: úr Jökultá norðan í Mýrdalsjökli við upptök Brennivínsvíslar, vestan Mælifells um Skiftingaröldu og Krókagil við Meyjarstrút í Torfajökul austanverðan, norður Barm í Kýlingavatn eða Litla-Kýling austast“.

11. Bréf sýslumanns Rangárvallasýslu til oddvita Landmannahrepps 24. janúar 1939.

12. Afrit af bréfi oddvita Ásahrepps til sýslumanns Rangárvallasýslu 28. febrúar 1939, þar sem mörkin úr Torfajökli og yfir í Tungnaá eru talin vera: „úr Torfajökli austanverðum yfir í Kirkjufellsvatn, úr því rennur ós, er nefndur er Kirkjufellsós, og ræður hann mörkum í Tungnaá“.

13. Bréf hreppsnefndar Landmannahrepps til sýslumannsins í Rangárvallasýslu 3. mars 1939 ásamt afriti af dómi frá 1476.

14. Skýrsla Guðna Jónssonar, Skarði, 25. mars 1939, en Guðni var fjallkóngur á Landmannaafrétti frá 1909 til 1935.

15. Bréf Vigfúsar Gunnarssonar oddvita, Flögu, og Valdimars Jónssonar hreppstjóra, Hemru, til sýslumanns Skaftafellssýslu 12. júlí 1939.

16. Kort með ákvörðun hnita viðmiðunarpunkta, sem reiknuð

voru út eftir uppsögu héraðsdóms af Pálma R. Pálmasyni verkfræðingi. Var því lýst yfir við málflutning fyrir Hæstarétti, að enginn ágreiningur væri milli aðila um ofangreinda punkta.

II.

Aðaláfrýjendur styðja frávisunarkröfu sína þeim rökum, að mörk Landmannaafréttar hafi þegar verið ákveðin með dómsáttinni, sem gerð var 7. ágúst 1951. Gagnáfrýjandi hafi hvorki höfðað mál til vefengingar dómsáttinni né áfrýjað henni innan lögmæltis áfrýjunarfrests og hafi þannig með aðgerðarleysi glatað rétti sínum til að andmæla þeim mörkum, sem með sáttinni voru ákveðin. Þá telja aðaláfrýjendur, að Hæstiréttur hafi þegar dæmt um mörk Landmannaafréttar með dómum sínum 1955, 108. bls., 1977, 32. bls., og 1981, 1584. bls., sem byggst hafi á þeim mörkum, sem ákveðin voru í dómsáttinni frá 1951.

Gagnáfrýjandi var ekki aðili að nefndri dómsátt, og oddviti Skaftártunguhrepps hafði ekki umboð til þess að gefa bindandi yfirlýsingu um réttindi þau, sem mál þetta snýst um. Þá hefur Hæstiréttur ekki dæmt um sakarefnið í málum þeim, sem fyrr eru greind, en gagnáfrýjandi átti eingöngu aðild að síðastgreinda málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, hvað þetta varðar, með vísan til forsendna hans og hafna frávisunarkröfu aðaláfrýjenda.

III.

Í héraðsdómi er greint nánar frá dómsáttinni, sem gerð var 7. ágúst 1951, um afmörkun Landmannaafréttar. Að sáttinni stóðu Landmanna-, Ása-, Djúpár- og Rangárvallahreppar svo og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisins. Í héraðsdómi er einnig gerð grein fyrir málum þeim út af Landmannaafrétti, sem dæmd voru í Hæstarétti 1955 og 1981. Í málinu, sem dæmt var 1955, var deilt um rétt til veiði í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Aðilar þess máls voru landbúnaðarráðherra f.h. ríkisins, hreppsnefnd Holtahrepps f.h. hreppsins, hreppsnefnd Rangárvallahrepps f.h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla og hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins. Lýstu þeir allir yfir því, að þeir myndu hlíta sáttinni frá 7. ágúst 1951. Á grundvelli þess dæmdi Hæstiréttur 25. febrúar 1955, að íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og

ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi ættu sameiginlegan upprekstrarrétt á Landmannaafrétt og veiðirétt í vötnum á afréttinum. Í eignardómsmáli út af Landmannaafrétti, sem dæmt var í Hæstarétti 1981, voru kröfur aðila ýmist beinlínis reistar á þeirri afmörkun afréttarins, sem gerð var með dómsáttinni 7. ágúst 1951, eða tekin mið af henni, að því er Skaftártunguhrepp varðaði. Kröfur aðaláfrýjenda í dómsmáli því, sem hér er til meðferðar, eru reistar á þeirri afmörkun afréttarins, sem gerð var með fyrrgreindri dómsátt. Mörk svæðisins eru dregin á uppdrátt, sem er meðal gagna málsins, og er þeim lýst í héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta sem landamerkmál samkvæmt 8. gr. laga um landamerki, nr. 41/1919, til þess að fá dóm um mörkin milli afréttarlanda aðila á hinu umdeilda svæði. Í greinargerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti segir, að ekki sé „verið að krefjast dómsviðurkenningar á neinum tilgreindum einkaréttarlegum eignarréttindum á hinu umdeilda landsvæði. Aðeins er gengið út frá, að um einhver slík réttindi sé að ræða“.

Í máli þessu deila aðilar eingöngu um einkaréttarleg mörk. Þeir miða við það, að landsvæðið sé afréttur. Stjórnsýsluleg valdmörk eru þannig ekki til skoðunar í þessu máli.

IV.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, virðist ágreiningur aðila áður fyrr aðallega hafa verið um mörkin sunnan Tungnaár. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að báðir aðilar hafa smalað að Kirkjufellsósi og aðaláfrýjendur hafa smalað hina svonefndu Kýlinga og Jökulgil. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um mörkin sunnan Tungnaár.

Gagnáfrýjandi hefur ekki leitt í ljós, að hann hafi átt upprekstrarrétt á hinum umdeilda svæði ofan Tungnaár. Verða því kröfur hans um tiltekin merki á þessu svæði með hliðsjón af rétti til afréttarnota ekki teknar til greina.

Miðað við þessa niðurstöðu um, að gagnáfrýjandi eigi ekki afréttarland ofan Tungnaár, þykir, eins og kröfugerð er háttað, skorið úr deilu aðila máls þessa um mörk afrétta ofan Tungnaár og ekki efni til að ákveða frekari mörk landsvæða í máli, sem eingöngu

er á milli þessara aðila. Kröfu aðaláfrýjenda varðandi mörk við Tungnaá er því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað aðila fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Málflutningslaun skipaðra talsmanna aðila eru dæmd án sölu-skatts, sbr. dóm Hæstaréttar 8. febrúar 1989 í málinu nr. 238/1987.

D ó m s o r ð:

Aðalkröfu aðaláfrýjenda, hreppsnefndar Holtahrepps f.h. hreppsins, hreppsnefndar Landmannahrepps f.h. hreppsins og eigenda og ábúenda Næfurholts og Hóla, um frávísun og ómerkingu héraðsdóms er hafnað.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um mörk afréttarlanda aðila sunnan Tungnaár á eftirfarandi hátt:

Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Lína þessi er mörkuð á korti í héraðsdómi.

Framangreind kennileiti hafa eftirtalin hnit:

Kirkjufellsós (punktur J) Y 389.300, x 544.300.

Kirkjufellsós, þar sem hann rennur úr Kirkjufellsvatni (punktur K), Y 386.470, X 544.910.

Hábarmur (punktur L) Y 381.606.2, X 546.993.5.

Kröfum gagnáfrýjanda, hreppsnefndar Skaftártunguhrepps f.h. hreppsins, um mörk milli afréttarlanda á svæðinu ofan Tungnaár er hafnað.

Varakröfu aðaláfrýjenda um, að mörk milli afréttarlanda skuli dregin við Tungnaá, er vísað frá héraðsdómi.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað á að vera óraskað.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður aðila fyrir Hæstarétti skal greiddur úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 550.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Jóns Steinars Gunnlaugs-sonar hæstaréttarlögmanns, 550.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um mörk landsvæða, sem málsaðilar telja afréttarlönd.

Ég tel rekstur máls þessa ekki verða byggðan á ákvæðum laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl. Þrátt fyrir aðild eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla tel ég, að hér sé í raun uppi ágreiningur um það, hvar draga eigi mörk á sviði stjórnssýslu milli hreppsfélaga þeirra, sem að málinu standa, og því, eins og hér hagar til, sýslumörk, sbr. lög nr. 42/1969, um afréttarmál, fjallskil og fleira, sbr. nú lög nr. 6/1986, um sama efni.

Ég tel þann ágreining ekki bera undir dómstóla, sbr. ákvæði I. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, sbr. nú lög nr. 8/1986, um sama efni, og því beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Þessi niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meiri hluta dómara. Verður því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, tekin afstaða til efnis málsins, og fellst ég þá á niðurstöðu dómsatkvæðis meiri hlutans.

Dómur aukadómþings Vestur-Skaftafellssýslu 19. desember 1986.

Ár 1986, föstudaginn 19. desember, er aukadómþing Vestur-Skaftafells-sýslu háð í þingsal bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði af Má Péturssyni, umboðsdómara í neðangreindu máli, ásamt meðdómendum Jónasi Jónssyni búnaðarmálastjóra og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Fyrir er tekið aukadómþingsmálið nr. 1/1983: Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps gegn hreppsnefndum Landmanna- og Holtahreppa og eigendum og ábúendum jarðanna Næfurholts og Hóla, og í því kveðinn upp dómur þessi.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember 1986, hefur hreppsnefnd Skaftártunguhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 31. október 1983, á hendur hreppsnefnd Landmannahrepps með stefnu, birtri 22. október 1983, á hendur hreppsnefnd Holtahrepps og með þingfestingu sakar 11. september 1984 á hendur eigendum og ábúendum Næfurholts, þeim Ófeigi Ófeigssyni og Geir Ófeigssyni, og eiganda Hóla, Haraldi Runólfssyni, og ábúanda þar, Kristjáni Gíslasyni.

II.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, „að mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps að austan og afréttarlanda Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi að vestan verði ákveðin eftir beinni línu úr Strútslaug (Hólmsárbotnum) í Námskvíslarmynni eða Jökulgilskvíslarmynni og síðan þaðan eftir beinni línu í Þveröldu við austurenda Þórisvatns. Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, úr hendi Landmanna- og Holtahreppa og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla in soldium“.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, „að hrundið verði öllum kröfum stefnanda og að mörkin á milli afréttarlanda nefndra hreppa, þ.e. Landmannaafreftar, að austan og afréttar stefnanda, Skaftártunguhrepps, að vestan, verði staðfest svo sem þau voru ákveðin í dómsátt, gerðri fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu 7. ágúst 1951, nánar til tekið eftir kennileitum og örnefnum frá norðri til suðurs: „úr Svartakambi, þar sem hann er hæstur (H), þaðan þvert á Tungnaá (I), síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós (J) og eftir honum í Kirkjufellsvatn (K), þaðan eftir Hábarmi (L) í há-Torfajökul (M)“.

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, úr hendi sóknaraðila.

Umboðsmenn aðila hafa látið marka framangreindar kröfulínur svo og markalínu samkvæmt lýsingu Rangæinga á afréttarmörkum frá 22. október 1886, sem síðar verður frá sagt, inn á uppdrátt, sem lagður er fram í málinu sem dskj. nr. 51 og fylgir dómi þessum og er hluti af honum. Aðilar eru öldungis sammála um, að kennileiti séu rétt staðfærð og línur milli þeirra rétt dregnar, þ.e. uppdrátturinn er ágreiningslaus. (Sjá næstu síðu.)

Upphaflega gerðu varnaraðilar þá aðalkröfu, að málinu yrði vísað frá dómi og þeim til dæmdur málskostnaður. Reistu þeir frávísunarkröfuna einkum á þessum röksemdum:

1. Fyrir liggi gild dómsátt frá 7. ágúst 1951 um sakarefnið í máli þessu.

2. Hæstiréttur hafi þegar skorið úr um þetta sakarefni, sjá Hrd. 1955, 108. bls., Hrd. 1977, 32. bls., Hrd. 1981, 1584, bls.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfuna 19. október 1984. Skaftártunguhreppur krafðist þess, að henni yrði hrundið og honum til dæmdur málskostnaður. Með úrskurði réttarins 22. október 1984 var frávisunarkröfunni hrundið og kveðið svo á, að ákvörðun málskostnaðar biði endanlegs dóms í málinu.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1985, tilkynnti dómurinn ríkislögmanni um málsókn þessa og jafnframt um næsta þinghald. Bréfi þessu svaraði ríkislögmaður 19. sama mánaðar þannig: „Leitað hefur verið eftir ákveðnum upplýsingum ráðuneyta þeirra, er í hlut eiga. Bréfi yðar verður svarað efnislega, þegar þau svör liggja fyrir.“ Ekki bárust frekari svör, og ekki varð af þingsókn af ríkisins hálfu.

Forsvarsmenn eigenda Holtamannaafréttar, oddvitar Ásahrepps og Djúpárhrepps, sóttu dómþing í málinu 3. september 1985. Boðuðu þeir meðalgöngu í málinu. Fengu þeir í framhaldi af því ljósrit dómskjala. Var þeim veittur tiltekinn frestur til gagnaöflunar og greinargerðar. Ekki varð af meðalgöngu eigenda Holtamannaafréttar. Oddviti Ásahrepps var viðstaddur á dómþingi, er málið var flutt 15. ágúst 1986.

III.

Í landamerkjälögum, nr. 5 frá 17. mars 1882, voru lögfest ýtarleg ákvæði um skyldu eigenda eða umráðamanna jarða til þess að skrásetja landamerki og skyldu sýslumanna til þess að sjá um að framfylgja lögnum. Kveðið var sérstaklega svo á, að hin sama regla gildi einnig um afrétti og aðrar óbyggðar lendur, eftir því sem við yrði komið.

Hinn 22. október 1886 komu hreppsnefndir Holta-, Landmanna- og Rangárvallahreppa sér saman um landamerkjälýsingu fyrir Landmannaafrétt og undirrituðu hana. Þessari landamerkjälýsingu var síðan þinglýst í Rangárvallasýslu 17. maí 1890. Henni var ekki þinglýst í Skaftafellssýslu. Á þrætusvæðinu í máli þessu er austurmörkum Landmannaafréttar svo lýst:

„...síðan ræður Torfajökull inn að upptökum á Stórukvísl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn í Þórisvatni“.

Þessi markalína, þ.e. línur milli þeirra kennileita, sem þarna eru greind, liggur um punktana M - L - K - J - G á meðfylgjandi uppdrætti á dskj. 51, sem er, eins og áður segir, samþykktur af aðilum.

Áður en landamerkjälýsingu þessari var þinglýst einhliða af Rangæingum, höfðu farið fram nokkur bréfaskipti á milli sýslunnanna. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hafði 30. apríl 1888 lagt til, að mörkin yrðu (að því

ndmaana- og Skollakreppur og egendur
 Þanna Náttúruhóts og Hóla; Rangárvallahreppur (stefndi)
 Demerata: G-H-I - Tungnaá - J-K-L-M
 Ári ba.3n. Arna Grétars Finnsdóttir hrl
 *Demeratan er samhljóða demissat gerðir fyrir aala-
 dómþing. Rangárvallasýslu 7 ágúst 1951

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur

Skollakreppur (stefndi)

Demerata: G-F-E

Demerata er ba.3n. Arna Grétars Finnsdóttir hrl
 *Lina G-E: Söðalilaga Rangrellinga 1/10 1889
 *Lina G-J-K-L-M: Lysing Rangrellinga 1/10 1886

□ h.n. undir lútu svæði

Rangárvallahreppur (stefndi)

Demerata: N-O-P-E

(Ar róa þessari królu)

Myrdalsjökull

Alfkræppur (stefndi)

Abakreppa: B-E

Vurukreppa: C-D-E

Uppaleiðir

Skollakreppur

maðkard. 1:250.000

0 5 10 15

Rík. 20 febr. 1985
 Steinh Jóhannsson, ve
 brytt 21. ág '86

er virðist) í samræmi við það, sem nú eru dómkröfur sóknaraðila í máli þessu, nánar til tekið:

„Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul (sýnilega misritun fyrir Mýrdalsjökul) beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Náma-kvísarmynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungna-árfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.“

Nú var orðið ljóst, að merkin voru umdeild. Sýslunefnd Rangárvallasýslu setti fram 4. október 1889 nýja tillögu, Skaftfellingum óhagstæðari en merkjalínuna í lýsingu Rangæinga frá 1886, þ.e. línuna E - G á meðfylgjandi uppdrætti eða eins og segir í lýsingunni frá 4.10. 1889:

„Úr Fúlalæk beina stefndu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurendann á Þórisvatni.“ Jafnframt lagði sýslunefnd til, ef sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu vildi ekki aðhyllast þessi mörk, að málið yrði „lagt í gjörð af báðum sýslunefndunum kosinna manna á kostnað beggja sýslufélaganna“.

Svo virðist sem Vestur-Skaftfellingar hafi hafnað hvoru tveggja, samkomulagstillögunni og gerðardómshugmyndinni. Var ekkert frekar að gert í málinu við svo búið.

Líður nú meira en hálf öld. Þá taka búendur í Landmannahreppi annars vegar og Holtahreppi hins vegar að deila sín í milli um veiðirétt á Landmannaafrétti. Skaftfellingar taka ekki þátt í þeirri deilu. Var fyrsta málinu, sem búendur í Landmannahreppi höfðuðu 10. mars 1947 og hreppsnefnd Holtahrepps tók til varna í, vísað frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar 15. maí 1950, og segir m.a. svo í forsendum Hæstaréttar:

„Í máli þessu krefjast aðaláfrýjendur þess, að þeim einum verði dæmdur réttur til veiði í Fiskivötnum eða Veiðivötnum á Landmannaafrétti. Í málinu er ágreiningur um það, hver séu mörk Landmannaafréttar, og hefur það ekki verið nægilega leitt í ljós. Þá er einnig deilt um, til hvaða vatna kröfur aðaláfrýjanda taki og hver séu takmörk vatnasvæðis þess, sem málið fjallar um. Þar sem svo er ástatt, sem að framan segir, bar héraðsdómara samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919 að nefna samdómendur og fara með málið svo sem þar greinir.

Einn aðaláfrýjenda hefur markað á uppdrátt vatnasvæði það, sem hann telur vötn þau vera á, er krafa aðaláfrýjenda tekur til, en það er gert með þeim hætti, að ekki væri unnt að leggja það til grundvallar dómi í málinu. Skortir því gögn um örnefni eða kennileiti, sem takmörk vatnasvæðisins eiga að miðast við. Sökum þessa eru kröfur aðaláfrýjanda ekki nægilega ákveðnar til dómsúrlausnar, Þess er og getanda, að í málinu hefur ekki verið gerð nægileg tilraun til að leiða í ljós, hverjar venjur hafa gilt hér á landi um veiði í vötnum á afréttum.“ Hæstiréttur ómerkti því efnisdóm héraðsdóms um sýknu og vísaði málinu frá dómi 15. maí 1950.

Var nú stofnað til tveggja mála á árinu 1951, annars um takmörk Landmannaafréttar, er þingfest var 2. ágúst 1951 og lauk með dómsátt 7. sama mánaðar, og hins, er höfðað var með opinberri stefnu, út gefinni 2. júlí 1951, og opinberri framhaldsstefnu, út gefinni 8. ágúst 1951, en þar krafðist hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins „einkaréttar til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) svo og öllum öðrum vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti“.

Svo sem áður er greint, eru dómkröfur stefnda í máli þessu í samræmi við sáttargerðina 7. ágúst 1951. Skaftártunguhreppur lét ekki mæta í því máli. Hins vegar lagði dómariinn fram í þinghaldi 2. ágúst 1951 svohljóðandi skeyti frá oddvita Skaftártunguhrepps, dagsett sama dag: „Hreppsnefndin í Skaftártunguhreppi leggur til, að landamörk Skaftártunguafréttar verði þannig: að norðan Tungnaá að mynni Jökuldalskvíslar, að vestan úr mynni Jökuldalskvíslar um Kirkjufellsós í Torfajökul“.

Því er ekki haldið fram, að oddvitinn hafi borið efni skeytisins formlega upp í hreppsnefndinni, og óvíst, hvort hann hafði samráð við meðnefndarmenn sína. Fyrir liggur, að staðfestingar sýslunefndar var ekki leitað.

Skaftártunguhreppur lét ekki mæta í síðarnefnda málinu, um veiðiréttinn, sem lauk með dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955. Í forsendum þess dóms segir m.a.:

„Samkvæmt því, sem að framan segir, verður að telja, að íbúar Holtahrepps og ábúendur Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega með íbúum Landmannahrepps upprekstrarrétt á Landmannaafrétt.

Kemur þá næst til athugunar, hvernig rétti til veiði á Landmannaafrétti muni vera háttað.

Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlazz eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarþeirrar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðiljar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941 um rétt til veiði í vötnum á afréttum. Í 1. tölulið þeirrar greinar segir, að noti héruð afrétt með löglegri heimild, sé héraðsmönnum þar öllum veiði jafnheimil. Þar sem íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi nota Landmannaafrétt með löglegri heimild, hafa þeir samkvæmt greindu

ákvæði sameiginlega veiðirétt í vötnum á afrétti þessu. Orðið afrétt í 2. tölulið 5. gr. verður að skýra svo þröngt, að það taki ekki til afrétta, sem notaðir eru með löglegrri heimild, svo sem í 1. tölulið segir. Ekki verður séð, að skilyrði hafi verið fyrir hendi til þess, að stefndi hafi helgað sér einkarétt á veiðinni fyrir hefð.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, verður krafa stefnda um einkarétt til veiðinnar ekki tekin til greina.“

Líður nú fram til ársins 1975, en þá höfðar íslenska ríkið eignardómsmál „til viðurkenningar á beinum eignarrétti ríkissjóðs að svokölluðum Landmannaafrétti hér í sýslu, en formleg eignarheimild að afréttarsvæðunum liggur ekki fyrir“. Tók málshefjandi fram, að þrátt fyrir málsókn þessa um viðurkenningu á beinum eignarrétti, sem stundum sé kallaður grunn-eignarréttur, muni ríkisvaldið viðurkenna rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög og venjur séu fyrir, enda sé við það miðað, að þeir muni sjálfir gera grein fyrir þeim réttartilköllum undir rekstri eignardómsmálsins. Landfræðilega var eignardómskrafan afmörkuð með sama hætti og Landmannaafréttur í sáttinni frá 1951.

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu þessara aðila: Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, Rangárvallahrepps, Ása- og Djúpárhreppa og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum. Þá var og sótt þing af hálfu Landsvirkjunar til réttargæslu. Í næsta þinghaldi í málinu var sótt þing af hálfu Skaftártunguhrepps. Í því þinghaldi var því lýst yfir af hálfu Ásahrepps og Djúpárhrepps, að ekki væri talin ástæða til að sækja frekar þing í málinu. Í þinghaldi þessu kom fram krafa um frávisun málsins af hálfu Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og af hálfu Rangárvallahrepps. Af hálfu Skaftártunguhrepps var því lýst yfir, að hvorki væri gerð frávisunarkrafa né fram komin frávisunarkrafa studd, en hreppnum áskilinn réttur til að koma fram með kröfur og greinargerð við efnismeðferð málsins.

Héraðsdómur féllst á frávisunarkröfuna, en Hæstiréttur hratt henni með dómi 25. janúar 1977, og gekk málið til áframhaldandi efnismeðferðar í héraði. Hélt nú Skaftártunguhreppur uppi efnisvörnum og átti samleið með öðrum varnaraðilum um rökstuðning sýknukröfu að öðru leyti en því, að eftirfarandi var tekið fram um afmörkun þrætulandsins samkvæmt því, er segir í málavaxtalýsingu í héraðsdómi, upp kveðnum 27. október 1978:

„Af hálfu Skaftártunguhrepps kemur fram, að krafa hreppsins sé byggð á lýsingu hreppsnefndarinnar á afréttarmörkum hreppsins frá 12. desember 1889. Afréttarmörkin séu í öllum verulegum atriðum hin sömu og sýslu-

mörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu á landsvæði því, sem stefna í máli þessu afmarkar. Svo sem fram komi af skjölum málsins, séu mörkin milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu engan veginn ágreiningslaus. Af hálfu Landmannahrepps, Holtahrepps og Ása- og Djúpárhreppa muni því haldið fram, að svokallaður Landmannaafréttur nái alveg austur að Tungnaá og að Skaftártunguhreppur eigi ekkert land fyrir vestan ána. Skaftártunguhreppur hafi hins vegar engan hlut átt að sáttargerðinni frá 7. ágúst 1951 um mörk Landmannaafréttar, og því sé hún ekki bindandi fyrir hreppinn. Hins vegar eigi ágreiningur um þetta ekki að standa í vegi fyrir því, að lagður verði dómur á kröfu stefnanda, enda standi hreppar þeir, sem risið hafa til andmæla gegn þeirri kröfu, sameinaðir í afstöðu sinni til hennar.“

Um þetta segir svo í hinum eiginlegu forsendum héraðsdóms:

„Af hálfu aðila málsins, annarra en Skaftártunguhrepps, hafa ekki verið vefengd þau mörk Landmannaafréttar, sem ákveðin voru með sáttargerðinni 7. ágúst 1951. Verður að líta svo á, að landsvæði þetta sé afréttur, en ekki almenningur, svo sem fram hefur komið í málflutningi af hálfu stefnanda.

Í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955, þar sem fjallað var um rétt til veiði í ám og vötnum á Landmannaafrétti, er kveðið á um, að íbúar Holtahrepps og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega upprekstrarrétt á Landmannaafrétt með íbúum Landmannahrepps. Skaftártunguhreppur var ekki aðili að sáttargerðinni um mörk landsvæðis þess, sem fjallað er um í máli þessu, og reisir nú kröfu sína í máli þessu á því, að afréttarland hreppsins nái inn á þetta landsvæði. Þykir ágreiningur varnaraðila innbyrðis ekki girða fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið.“

Héraðsdómi þessum, þar sem viðurkenndur var eignarréttur ríkisins að Landmannaafrétti, var áfrýjað, og segir m.a. svo í dómi Hæstaréttar frá 28. desember 1981, þar sem dómkröfum ríkisins var hrundið:

„Af hálfu hreppsfélaga þeirra, sem eru aðilar máls, er því lýst, að ágreiningur sé milli þeirra innbyrðis um eignartilkall til Landmannaafréttar. Í eignardómsmáli þessu þarf þó eigi að kanna þessa hlið málsins, heldur það eitt, hvort aðiljar þeir, sem andæft hafa eignartilkalli ríkisins, hafi nægilega lagahagsmuni af því að fá dæmt um kröfurnar. Þykir þessi ágreiningur milli hreppsfélaganna og eftir atvikum annarra varnaraðila í héraði ekki eiga að taka fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið.

Í héraðsdómi er greint frá dómsátt hinn 7. ágúst 1951 út af afmörkun Landmannaafréttar. Stóðu Landmanna-, Ása-, Djúpár- og Rangárvallahreppur svo og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisins að sáttinni. Eru kröfur aðilja dómsmáls þess ýmist beinlínis reistar á greindri afmörkun landsvæð-

isins eða taka a.m.k. mið af henni að því er varðar Skaftártunguhrepp. Mörk svæðisins eru dregin á uppdrátt, sem er meðal gagna málsins, og er þeim lýst í héraðsdómi.

Fjármálaráðherra f.h. ríkisins hefur í dómsmáli þessu viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir“. Þessi viðurkenning er ekki hnitmiðuð. Þegar þess hins vegar er gætt, að mál þetta er höfðað með eignardómsstefnu til viðurkenningar á beinum eignarrétti málshöfðandans að landsvæðinu, stendur þessi óvissa um tilvist óbeinna eignarréttinda ekki því í vegi, að dómur verði lagður á kröfu fjármálaráðherra f.h. ríkisins í máli þessu.“

Og enn segir í hæstréttardómi þessum:

„Skaftártunguhreppur telur sig eiga nokkurn hluta afréttarsvæðisins, svo sem greint hefur verið frá af hans hendi í málflutningi hér fyrir dómi. Öðrum þræði er af hálfu þessa aðilja tekið undir málflutning af hendi hinna hreppsfélaganna. Eigi hefur þessi aðili sýnt fram á, hvað sem öðru líður, að hann eigi nein þau réttindi til afréttarins, sem séu rýmri en réttindi þeirra hreppsfélaga, sem aðiljar voru að fyrrgreindu hæstaréttarmáli frá 1955.“

IV.

Í máli þessu hafa verið færð fram og reifuð ýmis gögn um það, hver hafi verið talin mörk afréttarlandanna frá fornu fari, og nýtingu þeirra. Auk framangreindra landamerkjalysinga frá 1886 - 1889 eru þessi hin helstu:

A. Dómur frá 1476. Í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 segir m.a.: „Í skjölum, sem rituð eru á öndverðri 19. öld og teljast vera endurrit af dómi, er gengið hafi að Skarði á Landi 25. júní 1476, er afrétturinn Þjórásartungur „frá Túná (Tungnaá) og til Sprengisands og vestur í Þjórás og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á milli“, dæmdur „þeirra eign og afrétt, sem haft og haldið hafa í Holtum og á Landi“. Er þetta samkvæmt „dóminum“ einungis á því reist, að svarið hafi verið af tveimur mönnum, „að þessi afréttur, Þjórásartungur, hafi verið hafður og haldinn til lambareksturs og eldra fjár af þessum tveimur hreppum, Landi og Holtum, svo lengi sem þeir mundu til. Og eigi vissu þeir annað sannara en það væri þeirra eign.“ Þar sem gögn þessi styðjast hvorki við frumbréf né staðfest endurrit dóms, þykja þau ekki verða lögð til grundvallar í máli þessu um rétt til afréttarins.“

Undir rekstri málsins, er lauk 28. desember 1981, fór fram textafræðileg athugun tveggja sérfróðra, dómkvaddra manna, er komust að þeirri niðurstöðu, að óhugsandi sé, að umrædd uppskrift sé falsbréf, er falsað hafi verið frá grunni á síðari öldum, sjá Hrd. 1981, 1596. bls. og 1613. bls.

B. Handrit Árna Magnússonar að Jarðabók frá því laust eftir 1700,

prentað í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1940, 78. bls., dskj. 56. Í lýsingu höfundar af Skaftafellssýslu segir m.a.: „Fiskivötn, 100 að tölu (langtum fleiri), meira en (freka) þingmannaleið úr Skaftártungu, í norður eða lítið til útnorðurs.“ Báðir aðilar virðast veiða í Fiskivötnum, því að í lýsingunni segir, að þeir af Landi sæki „og“ til Fiskivatna.

C. Jarðaskjal um Landmannaafrétt frá 1717, dskj. 59. Því er ómótmælt haldið fram af sóknaraðila, að örnefni þau, er fram koma í þessari lýsingu á Landmannaafrétti, séu öll utan þrætulandsins í máli þessu. Skjal þetta styður því fremur dómkröfur sóknaraðila en varnaraðila.

D. Sýslulýsing Rangárvallasýslu eftir Þorstein Magnússon, er þar var sýslumaður 1743 - 1785, dskj. 54.

„Ellers skal der paa de öde Fielde imellem Rangervalde- og Skaftefiels-sysseler 8 a 10 Müle Nordost fra Hekla endnu være 5 søer nær Hverand(r)e, kaldende Fiskevande, som skal væri mangfoldig fiskerige af örter. De fra Skaftefieldssyssel have til forne haft der Hytter eller Boder samt en Fiske-Baad, og der skal endnu sees de Fiske Gaarde af sten, som de have törret deres flekkede Örter paa; men nu er den Fangst forlagt. Dog vil nogle af Rangervalle syssel nu giøre forsög paa ny, at faa den paa Fode.“

E. Ferðabók Eggerts og Bjarna um ferðir þeirra um Ísland 1752-1757, Rvík 1975, úr lýsingu Múla- og Skaftafellssýslna, kaflanum um silungsvötn, 2. bindi, 111. bls., dskj. 58:

„Fátt slíkra vatna er í vesturhluta fjórðungsins. Norður af Mýrdalsjökli eru *Fiskivötn* kunnust. Þau eru með afbrigðum fiskisæl, og hafa menn sótt þangað veiði úr vesturhluta Skaftafellssýslu og af Rangárvöllum. Hafa menn legið þar við í veiðimannakofum, og sjást minjar þeirra. Þangað eru 10 milur úr Skaftártungu, en menn segja, að þeir geti ekki lengur sótt þangað, því að þar sé enginn hestahagi. En sú afsökun er einskis virði, því að þeir gætu farið þangað nokkrir saman og látið reka hestana til byggða, meðan þeir dveljast við vötnin.“

Bókinni fylgir uppdráttur Íslands. Á honum eru sýslumörk dregin. Sýslumörk milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu eru sýnd vestan við Fiskivötn og þrætusvæðið í máli þessu samkvæmt því talið í Skaftafellssýslu.

F. Í Ferðabók Sveins Pálssonar, sem byggð er á dagbókum hans og ritgerðum frá árunum 1791 - 1797, útg. Rvík 1945 af Jóni Eypórssyni, segir á 259. bls.:

„Við vorum nú í Skaftártungu, þeirri sveit, sem næst liggur Fjallabaki. Hún er lengst frá norðri til suðurs og nær að norðan upp til öræfa inni í landinu allt að Túná, að vestan upp að Fjallabaki og Torfajökuls-fjöllum.“

Á 657. bls. segir: „Mikill skaði er það, að veiðin í Fiskivötnum hefur alveg verið afrækt síðan á harðindaárunum 1783 - '85, og hinir fáu, sem

áður voru vanir veiðinni, þekktu aðferðina, miðin o.s.frv., eru komnir á grafarbakkan.“

Lögmaður varnaraðila bendir á, að í þessari frásögn komi í fyrsta lagi fram lýsing á mörkum Skaftártungu, sem til norðurs sé talin takmarkast af Tungnaá og til vesturs af Torfajökli.

Í öðru lagi sé þarna greint frá veiði Skaftártungumanna í Fiskivötnum fyrir jarðeldana 1783.

Í þriðja lagi sé skýrt frá því, að veiðar þeirra hafi alveg lagst niður eftir harðindaárin 1783 - '85.

Dr. Þorvaldur Thoroddsen tekur upp þessa frásögn í Ferðabók sinni (Kaupmannahöfn 1914, II. bindi, 280. bls.). Þar segir: „Frá Skaftártungu var veiðin helzt stunduð, því þaðan er styzt til Fiskivatna, að eins ein dagleið frá byggð.“ Síðan er lýst veginum, sem Skaftártungumenn fóru til veiðanna. Það er einnig gert í III. bindi Ferðabókarinnar. Sjá eink. 197. bls. Dr. Þorvaldur mun í þessu styðjast við frásögn Sveins Pálssonar.

Orðalag Sveins Pálssonar á 658. bls., þar sem hann lýsir Landmannaafreitti og segir: „Landmannaafréttur liggur, sem fyrr segir, fram með Þjórsá norðaustur að Tungná og austur með henni að háum fjallgarði, er Kýlingar kallast.“, styður það, að hann hafi talið þrætusvæðið sunnan Tungnaár í máli þessu til Landmannaafréttar.

G. Í sóknarlýsingu Stóruvalla á Landi, sem voru kirkjustaður, en eru nú eyðijörð, dagsettri 14. janúar 1841, ritaðri af sr. Jóni Torfasyni, dskj. 9, segir m.a.:

„Afréttarlönd tilheyra sveitinni, kallast Landmannaafréttur, í félagsskap við Holtasveit; takmörk hans eru að sunnan og útsunnan Hekla, fjallaklasar, öldur og dyngjur þær, sem liggja norður af henni. — Að landsunnan og austan Hrafninnuhraun og Torfajökull, samt. Jökull- eða Námakvísl kölluð, sem að rennur norður í Tungná, ræður hún so og rennur allt vestur í Þjórsá, rúmum hálfum áfanga fyrir ofan byggð. — Í miðjum afréttinum liggur hátt og eggjamikið fjall, sem Löðmundur kallast...

Annan afrétt á sveitin í félagsskap við Holtasveit, nefndur Holtamannaafréttur, út við Þjórsá, en fyrir innan Tungná, plássið er kallað Búðarháls (fyrrum Þjórsártungur), og rennur allmikil kvísl, nefnd Kaldakvísl, austan undir honum, ætla menn hún komi úr Vatnsjöklinum svo kölluðum, þeir sem leita þennan afrétt á haustum, fara allt til Biskupsþúfu og Sprengisands norður. — Fyrir austan Köldukvísl en fyrir innan Tungná, allt austur í fjallgarð þann mikla, sem er fyrir austan öll Fiskivötn og norður undir næst nefndan jökul, eru mikil öræfi og víðlendur, þó eru þar pláss, sem að fornu og allt til þessa hafa verið notuð til rótagróftar svo sem Þoristungur. Utast og syðst í krók þeim, sem myndast af kvíslinni og Tungná — þá Kvíslarnar svokallaðar — austar, í landnorður frá kvíslunum, en fyrir vestan nefndan

fjallgarð liggja Fiskivötn, að mestu strandlengis frá Tungná suður, allt norður undir Stórasjó so kallaðan, sem liggur inn við nefndan jökul, og mun fáum kunnug stærð hans og líka, hvernig hagar til þar í kring. — Þau eiginlegu Fiskivötn hafa affalla hvurt úr öðru, sem kallast Vatnakvísl, hún rennur í Tungná, á miðjum þessum öræfum í útnorður frá nærst nefndum vötnum, liggur Þórisvatn og fyrir austan það Þóristindur, sem að sögn er kenndur við Þóri þann, er Ármannssaga nefnir. —

Í Fiskivötnum er silungsveiði, sem meir var stunduð til forna en nú á tímum, þykir það ekki tilvinnandi um hásláttartíma að láta fólk liggja þar, því oft er þar lítið um aflabrogð. — Það gagn og gæði, sem í þessum auðnum og öræfum var að hafa fyrrum, so sem fjallagrös, rót, silungs- og álftaveiði, var af 12 mönnum dæmt árið 1476 að Ytrivöllum héri hreppi Land- og Holtasveitum, og því er lýsingin so langerð, að í því tilliti sýnist sem það sé viðkomandi þessu prestakalli. — Af nefndum afréttum er sauðfé rekið til rétta í svokallað Réttanes, austur við Rangá, nálægt miðsveitis, þangað er tilsoðt úr Holta- og Landsveit 22 vikur að sumri.“

H. Í sýslulýsingu Rangárvallasýslu frá 1856, Rvík. 1968, 3. bls., dskj. 10, sem rituð er af Magnúsi Stephensen, sem var sýslumaður í Skaftafellssýslu 1823 - 1844, en í Rangárþingi 1844 - 1857, segir:

„Takmörk Rangárvallasýslu á alla vegu eru þessi: Hafið að sunnan frá Jökulsár- til Þjórsár-mynnis, ræður svo Þjórsá að vestan allt upp í óbyggðir: að norðan: úr henni bein stefna í Eyvindarhreysi, úr Eyvindarhreysi í Þórisvatn, úr því í Fiskivötn, úr þeim bein stefna í Hól(m)sárbotna í Skaptártungu, etc.“

Samkvæmt þessari lýsingu sker línan Fiskivatnasvæðið, en syðra deiluvæðið tilheyrir Rangæingum.

I. Með lögfestu, dags. 27. desember 1856, lögfestu þrír nafngreindir menn í umboði allra búenda í Holtamannahreppi og Landmannahreppi undir þessar sveitir afrétt þann, er „fyrrum nefndist Þjórsártungur, en nú á dögum er nefndur Holtamannafréttur og Þóristungur, með þessum takmörkum: frá Túná að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð svo langt sem vötn renna til og frá, héraða á millum“.

Í lögfestunni segir, að hún sé „samkvæmt dómi, er dæmdur var af 6 mönnum á Ytrivöllum á Landi um Þjórsártungur árið 1476“.

J. Þá er að geta bréfs oddvita Landmannahrepps, er hann ritaði sýslumanni sínum 15. desember 1887. Þar er hann að ræða um landamerkjálýsinguna frá 22. október 1886, sem síðar var þinglýst 17. maí 1890.

„Hinn 22. Okt. f.á. skrifaði eg hreppsnefndinni í Skaptártunguhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu og sendi henni umleið landamerkjálýsingu fyrir Landmannafrétt; óskaði eg, að téð hreppsnefnd staðfesti landamerkjálýs-

ingu þessa með undirskript sinni, svo hún yrði þinglesin, sem lög standa til. Með bréfi d.s. 1. Jan. þ.á. hefur hreppsnefndin í Skaptártunguhreppi svarað mér á þá leið, að hún sjái sér að svo stöddu ekki fært að ákveða landamörkin milli Landmanna- og Skaptártungu-afrétta, vegna þess að henni sé ókunnugt um takmörkin milli Rangárvalla- og Skaptafellssýslna, verði hún því að leggja þetta mál undir sýslunefnd sína. Síðan þetta bréf kom hefi eg engin skeyti fengið frá téðri hreppsnefnd. Eg vil því leyfa mér að biðja yður, herra sýslumaður, að hlutast til um með milligöngu yðar, að hreppsnefndin í Skaptártunguhreppi dragi ekki mál þetta lengur á þennan hátt, að því er virðist, að óþörfu. Það skal tekið fram, að mörkin í nefndri landamerkjálýsingu eru ákveðin eptir vitnisburðum elstu manna, fróðra og sannorðra, og eptir því, sem hagað hefur verið fjallgöngum og fjársafni um mjög langan tíma óátalið af öllum. Virðist því mjög ástæðulaust fyrir hreppsnefnd Skaptártunguhrepps að færast undan því að staðfesta optnefnda landamerkjálýsingu.“

K. Ástæðulaust þykir að rekja lýsingar á afréttarmörkum frá þessari öld að öðru leyti en því, að Pálmi Hannesson segir í bók sinni, Frá óbyggðum, á 206. bls., þar sem hann segir frá ferð, er hann fór um 1930: „Kirkjufellsós kemur úr vatninu (þ.e. Kirkjufellsvatn) og fellur norður í Tungná. Um hann eru sýslumót og afrétta.“

V.

Um nýtingu þrætulandsins er það komið fram við yfirheyrslur, að hvorugur málsaðila hefur rekið fé upp yfir Tungnaá, en það svæði nefnist Öräfin. Varnaraðilar hafa smalað Öräfin, en fátt fé virðist hafa gengið þar, 30 kindur eða færri. Sigurjón bóndi á Galtalæk hafði það þó eftir nafngreindum öldruðum eða látnum bændum, að áður hefðu oft komið 50 - 70 kindur af svæðinu. Óumdeilt er, að fé það, sem kemur af þessu svæði, er nær allt frá Rangæingum, en þó kemur fyrir, að kind og kind úr Skaptártungu flækist norður yfir Tungnaá.

Lagðir hafa verið fram í málinu fjallseðlar Landmanna fyrir árin frá 1903 til 1938, og kemur þar fram, að svæðið ofan Tungnaár, Öräfin, hefur verið smalað, að því er virðist, af fjórum mönnum, tveimur af Landi og tveimur úr Holtum.

Nú síðari ár munu 12 menn fara í Öräfin og smala á bílum með hunda.

Um nýtingu þrætusvæðisins sunnan Tungnaár bar oddviti stefnanda, Valur Oddsteinsson í Úthlið, að Skaptártungumenn hefðu alltaf smalað að Kirkjufellsósi (þ.e. ekki smalað þrætusvæðið) nema fyrstu árin, eftir að afrétturinn var opnaður, en upprekstur á Landmannaafrétt var bannaður árið 1941 - 1962 í því skyni að hefta útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Þá hafi þeir smalað að kvísl þeirri, sem ýmist er nefnd Jökulgilskvísl eða Námskvísl.

Fyrrverandi oddviti stefnanda, Guðjón Guðjónsson í Hlíð, f. 1910, bar, að þegar hann man fyrst eftir, hafi verið smalað að Tungnaá og að Illagili, skammt austan við Kirkjufellsósinn, og fullyrti, að Skaftártungumenn hefðu aldrei smalað Kýlinga fyrir fjárskipti. Á fjárleysisárunum hafi þeir farið að skygnast um eftir fé og e.t.v. stundum smalað þar. Spurður um tilefni skeytisins frá 2. ágúst 1951 svaraði hann m.a.: „Það var mín skoðun, þegar ég sendi skeytið, og er ennþá, að mörkin ættu að vera sem næst því, sem við hefðum smalað.“ „Það er og hefur verið mín skoðun, að það væri ein mesta meinsemd og það, sem stæði búskap í Skaftártungu fyrir þrifum, hvað við hefðum stóran afrétt.“

Benedikt Guðjónsson í Nefsholti, Rangárvallasýslu, var fjallkóngur frá 1930 og þar til hætt var að reka á fjall nokkru eftir 1940. Hann fór fyrstu fjallferð sína 1910, þá 14 ára. Hann kvað alltaf hafa verið smalað að Kirkjufellsvatni og Kirkjufellsós.

Árið 1982 var í samvinnu aðila máls þessa og sauðfjarveikivarna sett upp varnargirðing meðfram Kirkjufellsósnum, þ.e. nokkurn veginn á þeirri línu, er Rangæingar lýstu sem markalínu 22. 10. 1886.

VI.

Álit réttarins.

1. Sóknaraðili í máli þessu, Skaftártunguhreppur, var ekki aðili að dómsáttinni, er gerð var 7. ágúst 1951. Til þess að um dómsátt hefði verið að ræða, hefðu aðilar eða umboðsmenn þeirra þurft að sækja dómþing og undirrita sáttina í þingbók eða a.m.k. viðurkenna efni hennar á dómþingi. Þessi regla er m.a. staðfest í 8. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919. Þetta gerði Skaftártunguhreppur ekki, og því er hann ekki bundinn af dómsáttinni.

2. Kemur þá til athugunar, hvort yfirlýsing oddvita Skaftártunguhrepps í símskeyti 2. ágúst 1951 feli í sér bindandi afsal á hugsanlegum rétti hreppsins til þrætulandsins. Þar koma stjórnarsýslulegar umboðsreglur til álita. Því er ekki haldið fram, að ákvörðun um málið hafi verið tekin á formlegum hreppsnefndarfundum í samræmi við reglur um stjórnarathafnir fjölskipaðra stjórnvalda. Upplýst er að um málið var eigi fjallað af sýslunefnd, en samkvæmt 5. tl. 28. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 12/1927, útheimtist samþykki sýslunefndar, til þess að ályktun hreppsnefndar um að selja eða veðsetja fasteignir sveitarinnar yrði gild. Þannig hafði oddviti einn og sér ekki umboð að lögum til þess að gefa bindandi yfirlýsingu um afsal réttinda þeirra, er mál þetta snýst um.

3. Um þá málsvörn varnaraðila, að sakarefnið í máli þessu sé þegar dæmt með dómum Hæstaréttar frá 1955 og 1981, er þetta að segja:

Skaftártunguhreppur var ekki aðili að málinu frá 1955. Það var ekki

höfðað sem eignardómsmál, heldur einvörðungu með opinberri stefnu. Þess gerðist því ekki þörf að fjalla hér um það, hvort dómur í eignardómsmáli bindi alla. Dómur í venjulegu dómsmáli, sem höfðað er með opinberri stefnu, gerir það ekki. Þá er og á það að líta, að eins og umrætt mál var lagt fyrir, fór ekki fram nein gagnrýnin skoðun á mörkum þrætulandsins við dómsmeðferðina.

Í málinu frá 1981 gerðist Skaftártunguhreppur aðili og studdi varnaraðild sína tilkalli til réttinda á því landsvæði, sem dómkrafa hans í máli þessu tekur til.

Af orðum þeim, er vitnað er til í niðurlagi III. kafla hér að framan (Hrd. 1981, 1590. bls., er auðráðið, að ódæmt er um sakarefni í máli þessu: „Eigi hefur þessi aðili sýnt fram á, hvað sem öðru liður, að hann eigi nein þau réttindi til afréttarins, sem séu rýmri en réttindi þeirra hreppsfélaga, sem aðiljar voru að fyrrgreindu hæstaréttarmáli frá 1955.“

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á, að þegar sé dæmt um sakarefnið í máli þessu með framangreindum dómum Hæstaréttar.

4. Þá kemur að þeirri röksemd varnaraðila, að hugsanleg réttindi sóknaraðila hafi fallið niður fyrir aðgerðaleyssi eða hefð.

Að því er varðar aðgerðaleyssi eða tómlætisverkanir, er það að segja, að aðgerðaleyssi eitt sér leiðir ekki til brottfalls eignarréttinda.

Hvað hefðina varðar, er á það að líta, að ekki er fram komið, að varnaraðilar hafi á neinu tímaskeiði, er hefðartíma næmi, haft afréttarnot á þrætulandinu í útilokandi umráðum.

Eftir að hinar bréfuðu yfirlýsingar eða tillögur að landamerkjaskrárm lágu fyrir, en samkvæmt þeim var ekki ágreiningur um, að meginhluti þrætu-svæðisins væri innan afréttarmarka stefnanda, kemur einnig til skortur á huglægum skilyrðum; varnaraðilar vissu eða máttu vita um þann rétt, er stóð í vegi fyrir hefð. Þeir höfðu sjálfir viðurkennt og þinglýst skjali, sem var byggt á því, að afréttarmörkin lægju yfir Veiðivatnasvæðið. Er hér átt við hina upphaflegu tillögu þeirra sjálfra frá 1886, sem þinglýst var 1890. Sáttin frá 1951, sem stefnandi var ekki aðili að, og yfirlýsing oddvita, sem eigi var bindandi afsal, breytti þar engu um. Loks athugist, að eigi eru enn liðin þau 40 ár, sem telja verður hefðartíma að réttindum sem þessum, frá því að sáttin var gerð og henni þinglýst 17. nóvember 1951.

5. Samkvæmt öllu þessu framansögðu verður því á það fallist með sóknaraðila, að úrslit máls þessa velti á því, hver teljist hafa verið mörkin frá fornu fari.

Það liggur fyrir, að á árunum 1886 - 1889, þegar aðilar voru að reyna að koma sér saman um mörkin, var ágreiningur þeirra allt annar og minni en nú er. Þá greindi ekki á um, að í norðri væri Þveralda merkjapunktur milli afréttanna. Þaðan lægi línan vestur af suðri yfir Veiðivatnasvæðið.

Rangæingar töldu 1886, að línan ætti að liggja úr Þveröldu í Stórukvísl, sem er augljóslega sama örnefnið og Kirkjufellsós. Skaftfellingar voru þeim sammála um, að miða ætti við Þveröldu og draga línuna vestur af suðri yfir Veðivatnasvæðið, en vildu ekki miða við Kirkjufellsós, heldur við Námskvíslarmynni nokkru vestar með Tungnaá.

Þetta sýnir greinilega, að ágreiningur var um Kýlingana, og jafnframt, að ekki var ágreiningur milli aðila um, að austurhluti Veðivatnasvæðisins tilheyrði Skaftfellingum. Málið stöðvaðist þannig á ágreiningi um, hvar setja ætti niður merkjapunkt við Tungnaá að sunnan, en enginn ágreiningur var um, að úr þeim punkti ætti að draga línuna til norðurs í Þveröldu.

Hin svokallaða sáttatillaga Rangæinga frá 4. október 1889 hefur lítið sönnunargildi. Á hana virðist mega líta sem riflega gagnkröfu fremur en hlutlægar upplýsingar um skoðun tillögumanna á því, hver mörkin væru og hefðu verið. Hún staðfesti þó, að Rangæingar voru ekki í vafa um, að austurhluti Veðivatnasvæðisins tilheyrði Skaftfellingum.

Úr því að samningar náðust ekki, eru umræddar sáttatillögur einvörðungu sönnunargögn. Skal nú hugað að öðrum sönnunargögnum, en þeim er áður lýst í IV. kafla hér að framan, 11. - 16. bls., í liðunum A - K:

a) Í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 var talið, að bréf það frá 19. öld, sem sagt er endurrit af dómi frá 25. júní 1476, yrði ekki lagt til grundvallar um rétt til afréttarins. Samkvæmt rannsókn, er fór fram undir rekstri málsins, er Hæstiréttur dæmdi 28. desember 1981, töldu dómkvaddir kunnáttumenn óhugsandi, að umrætt bréf hefði verið falsað frá grunni á síðari öldum. Af hrd. 1955:119 sést, hvaða svæði hér er um að ræða, þ.e. „allt landsvæðið frá Tungnaá til Sprengisands og frá Þjórsá austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraði.“ Þetta voru raunar kallaðar „Þjórsártungur“ í dóminum. Skv. kortum (þ. á m. korti Björns Gunnlaugssonar í Kortasögu Íslands, Rvík 1978, myndblað 43) gæti þá allt Veðivatnasvæðið verið innan þessara marka. Hins vegar er það tæpast sennilegt, að Þjórsártungur taki yfir svo víðáttumikið svæði. Í lögfestunni frá 27. desember 1856 kemur og fram skýring, sem er sennilegri, en þar eru Þjórsártungur taldar ná yfir Holtamannaafrétt og Þóristungur. Í sóknarlýsingu Stóruvalla frá 1841 eru Þjórsártungur kallaðar Búðarháls, og er það sennilegt miðað við legu.

Í heild hlýtur að vera valt að draga nokkrar ályktanir af þessu plaggi um mörk, jafnvel þótt komist væri að þeirri niðurstöðu, að það væri ófalsað.

b) Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar stunduðu báðir aðilar veiði í Fiskivötnum, og veitir það líkur fyrir því, að Skaftártungumenn hafi talið sig eiga réttindi á þeim hluta þrætulandsins, sem er ofan Tungnaár.

c) Samkvæmt því, sem sagt er hér að framan, styðja jarðaskjöl frá 1717 fremur dómkröfur sóknaraðila en varnaraðila.

d) Um sýslulýsingu Þorsteins Magnússonar er hið sama að segja og um lýsingu Árna Magnússonar (undir lið b).

e) Enn er hið sama að segja um lýsingu Eggerts og Bjarna. Tilgreining sýslumarka á uppdrætti þeirra hefur takmarkað sönnunargildi, en styður þó, að Skaftafellssýsla hafi verið talin ná upp fyrir Tungnaá.

f) Markalýsing Sveins Pálssonar veikir kröfu sóknaraðila til þrætulandsins ofan Tungnaár, en hér er enn staðfesting á veiði hans þar. Þarna er hins vegar að finna stuðning fyrir kröfulínu varnaraðila sunnan Tungnaár, þar sem segir, að Landmannaafréttur nái „austur að háum fjallgarði, er Kýlingar nefnist“.

g) Lýsingin á merkjum í sóknarlýsingu Stóruvalla frá 14. janúar 1841 er óhagstæð varnaraðilum. Hún er rituð af þeirra manni. Er varla fært annað en skilja þessa lýsingu svo, að mörkin sunnar Tungnaár séu nokkurn veginn eins og sóknaraðili vill hafa þau. Þá er Löðmundur sagður í miðjum afrétti, og styður það, að höfundur telji Landmannaafrétt ekki ná upp fyrir Tungnaá. Þó ber að hafa í huga, að samkvæmt þessu gagni virðast Landmenn hafa stundað veiði í Fiskivötnum, svo og þann fyrirvalla, er felst í vísun til dómsins frá 1476.

h) Samkvæmt merkjalýsingu í sýslulýsingu Magnúsar Stephensens, sýslumanns Rangæinga, um Rangárvallasýslu frá 1856 sker markalínan Veiðivatnasvæðið, en deilusvæðið sunnan Tungnaár tilheyrir Rangárvallasýslu.

i) Lögfestan frá 1856 styðst greinilega við dóminn frá 1476, og vísast til þess, er áður er sagt um þann dóm.

j) Áður er vitnað til merkjalýsingar Rangæinga frá 22. október 1886. Bréf oddvita Landmanna frá 15. desember 1887 styður það, að markalýsing þessi hafi verið gerð að vel athuguðu máli af þeirra hálfu og „eftir því, sem hagað hefur verið fjallgöngum og fjársafni um mjög langan tíma óátalið af öllum“.

k) Fram er komið með framburði vitna í máli þessu, að sunnan Tungnaár hafa báðir aðilar smalað að Kirkjufellsósi síðustu öld, þ.e. að línunni í markalýsingunni frá 1886 og sáttinni frá 1951, en ofan Tungnaár hafa varnaraðilar smalað þrætusvæðið, a.m.k. frá því um síðustu aldamót.

6. Línan samkvæmt sáttinni frá 1951 úr Þveröldu um Svartakamb í Tungnaá á hvorki stoð í markalýsingu né öðrum gögnum, svo að séð verði. Sérstaka athygli vekja þau ummæli í dómi héraðsdóms 15. júlí 1953, Hrd. 1955, 125. bls., sem hér eru skáletruð.

„Árið 1886 eru landamerki Landmannaafrettar, eins og áður er frá greint, ákveðin með landamerkjaskrá. Þau landamerki eru í aðalatriðum

hin sömu og samkvæmt sættinni frá 7. ágúst 1951, að öðru en því, að annar merkipunktur, sem austurlína afréttarins var miðuð við 1886, var glataður, og var í sáttagerðinni ákveðin ný austurtakmarkalína.“

Dómendur telja, að tilvitnuð orð standist ekki miðað við gögnin í máli þessu.

Það, sem á milli ber, er hvorki meira né minna en meginhlutinn af þrætu-landinu ofan Tungnaár í máli þessu, á þriðja tug ferkílómetra.

7. Að því er varðar *mörkin sunnar Tungnaár*, er óhnekt þeirri yfirlýsingu oddvita Landmannahrepps í bréfi frá 15.12. 1887, að í landamerkjálýsingunni 1886 sé mörkum lýst „eftir því sem hagað hefur verið fjallgöngum og fjársafni um mjög langan tíma“. Samhljóða framburður elstu og kunnugustu manna, er komið hafa fyrir dóminn, bæði Rangæinga og Skaftfell-inga, staðfesta, að síðan hefur þetta verið óbreytt, báðir aðilar hafa smalað að Kirkjufellsósi. Landamerkjálýsingin frá 1886 er hér mikilvægasta sönnunargagnið. Aðrar eldri heimildir hnekkja ekki markalínu um Kirkjufellsós.

Að þessu athuguðu þykir mega fallast á markalínu samkvæmt dómkröf-um varnaraðila og merkjálýsingunni frá 1886, að *því er varðar mörkin sunnan Tungnaár*, þ.e., að þau skuli vera með Kirkjufellsósi um Kirkju-fellsvatn og í Hábarm, línan J - K - L á meðfylgjandi uppdrætti, en sá uppdráttur er óumdeildur, þar með, að kennileitið „Stórakvísl, sem rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungná“, sé Kirkjufellsós. Námskvísl eða Jökul-gilskvísl rennur alllangt vestan Kirkjufells í Tungnaá.

Ekki er dæmt um kröfulínu varnaraðila milli Hábarms og há-Torfa-jökuls, þ.e. L - M, þar sem hún er utan þrætusvæðisins í máli þessu.

8. Þegar nú hefur verið skorið úr þeim ágreiningi um mörkin sunnan Tungnaár, sem virðist hafa staðið í vegi fyrir samkomulagi, þegar aðilar reyndu að setja niður mörkin á níunda tug síðustu aldar, er eftirleikurinn hægur um mörkin *ofan Tungnaár*. Leggja ber til grundvallar landamerkja-lýsingu Rangæinga frá 1886. Hún er þeim sjálfum í óhag miðað við kröfu-gerð þeirra í máli þessu. Skýrsla málsaðila, sem er honum sjálfum í óhag, er að jafnaði mikilvægt sönnunargagn. Línuna ber því að draga úr Kirkju-fellsósi í Þveröldu, þ.e. eftir línu milli punktanna J - G. Sú lína er í sam-ræmi við þann grundvöll, er báðir aðilar byggðu á í tillögum sínum 1886 - 1889, að línan ætti að liggja yfir Veiðivatnasvæðið. Önnur gögn styðja og þessa niðurstöðu, einkum lýsing Magnúsar sýslumanns Stephensens, — einnig uppdráttur í Ferðabók Eggerts og Bjarna.

9. Samkvæmt þessu er fallist á kröfulínu varnaraðila sunnan Tungnaár, en úr Kirkjufellsósi eiga mörkin að liggja í Þveröldu. Mörk milli afrétta málsaðila dæmast því línan L - K - J - G á meðfylgjandi uppdrætti, þ.e. línan úr Hábarmi (punktinum L, hnít Y 381606,2, X 546993,5) í miðjan Kirkjufellsós, þar sem hann rennur úr Kirkjufellsvatni (punkturinn K, hnít

Y 386470, X 544910), og síðan eftir miðjum Kirkjufellsósi til Tungnaár (í punktinn J, hnit Y 389260, X 544188), þaðan bein lína í Þveröldu (punktinn G, hnit Y 420640, X 533440), en sú lína liggur um hápunkt Snjóöldu (hnit Y, 396247,9 X 541794,8).

Til skýringar skal tekið fram, að hnitakerfi fyrir Ísland er þannig upp byggt, að punktur með hnit Y O og X O er fyrir suðaustan Ísland. Hnit Hábarms, Y 381606,2, merkir, að hæsti punktur fjallsins sé 381 kílómetra 606 metrum og 20 sentimetrum norðan við núllpunkt eða hornpunkt hnita-kerfisins, en X 546993,5 merkir, að sami punktur fjallsins sé 546 kílómetrum 993 metrum og 50 sentimetrum vestan við hann. Á Hábarmi og Snjóöldu eru svokallaðir þríhyrningapunktar Orkustofnunar (og Landmælinga Íslands), þ.e. sýnileg varanleg ummerki, steipt eða klöppuð niður, og hnit þeirra mæld með nákvæmni upp á 1/10 úr metra.

Pálmi R. Pálmason verkfræðingur hefur að tilhlutan dómsins mælt út eftir uppdrætti Orkustofnunar í mælikvarðanum 1:20.000 hnit annarra þeirra punkta, er greindir eru hér að framan, en af kortum í þessum mælikvarða má lesa með $\frac{1}{2}$ mm nákvæmni, sem samsvarar 10 metra skekkjumörkum á landinu.

10. Við framangreinda úrlausn máls þessa er byggt á þeim grundvelli, að allt umrætt landsvæði sé afréttur, en ekki almenningur. Hæstiréttur hefur slegið því föstu með dómi sínum frá 25. febrúar 1955, að varnaraðilar í máli þessu eigi afréttarrétt á Landmannaafrétti, einnig ofan Tungnaár, í Örafunum. Staðfesting á veiðirétti hans er í dóminum leidd af notkun afréttar með löglegri heimild. Ekki er fram komið, að neinn munur hafi verið á afnotum aðila máls þessa af svæðinu ofan Tungnaár annar en sá, að varnaraðilar hafa smalað það a.m.k. síðan um aldamót. Báðir aðilar stunduðu þar veiði frá alda öðli og höfðu þar e.t.v. fleiri takmörkuð afnot, svo sem vikið er að varðandi varnaraðila í umræddum hæstaréttardómi með orðunum: „Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, *annarrar* takmarkaðrar *notkunar*“ (skáletrað hér, sjá Hrd. 1955, 114. bls.). Veiði má telja meðal þeirra afréttarnota, sem samanlögð hafa grundvallað safn-hugtakið afréttarrétt.

Um beitarafnotin má leggja það til grundvallar, að fé frá báðum aðilum hefur áreiðanlega alla tíð flækst upp fyrir Tungnaá, og þótt slíkt ætti sér í minna mæli stað um fé úr Skaftártungu, verður ekki á því byggt, að neinn eðlismunur hafi verið á þessum beitarafnotum fyrr en eftir síðustu aldamót. Athugandi er, að veiðiferðunum hefur fylgt kunnugleiki á landsvæðinu og vitneskja um það búfé, er þar gekk. Ekki er að efa, að menn hafa reynt að sækja þær kindur að haustinu eða fyrir part vetrar, sem þeir vissu af.

Í máli þessu er raunar óþarft að huga að þessum afnotum, því að eins og fyrr er sagt, hefur verið skorið úr því með dómi Hæstaréttar, að allt þrætulandið, einnig ofan Tungnaár, sé afréttur, en ekki almenningur. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að ákvarða á öllu þrætulandinu markalínur milli afrétta.

Með bréfi, dags. 10. júlí 1985, veitti dómsmálaráðuneytið sóknaraðila gjafsóknarleyfi og varnaraðilum gjafvarnarleyfi 29. ágúst sama ár. Jafnframt skipaði ráðuneytið Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa, en Árna Grétar Finnsson hrl. fyrir gjafvarnarhafa.

Gjafsóknarhafi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 750.000,00., þar af 30.267,00 kr. vegna þegar útlagðs kostnaðar.

Gjafvarnarhafi hefur lagt fram kröfu vegna útlagðs kostnaðar, 17.695,00 krónur.

Málskostnaður fellur niður.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 390.000,00 kr., og útlagðan kostnað hans, 30.267,00 kr., og málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðila, Árna Grétars Finnssonar hrl., 250.000,00 kr., og útlagðan kostnað hans, 17.695,00 krónur.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. apríl 1983, kynnti lögmaður sóknaraðila dómsmálaráðuneytinu, að hann hygðist höfða mál þetta, og óskaði, með vísan til 2. mgr. 8. gr. l. 41/1919, sbr. l. nr. 29/1965 og l. nr. 52/1972, ákvörðunar ráðuneytisins um það, hvort málið skyldi rekið fyrir dómi í Rangárvallasýslu eða Vestur-Skaftafellssýslu, og krafðist þess, þar eð ljóst væri vegna ákvæða 1. tl. 36. gr. l. nr. 85/1936, að sýslumenn beggja sýslnanna væru vanhæfir til þess að fara með málið og dæma, að ráðuneytið neytti heimildar 30. gr. laga nr. 85/1936 til skipunar sérstaks umboðsdómara. Að fengnu samþykki sýslumanna beggja sýslnanna við þessari tillögu ákvað ráðuneytið, að með málið skyldi farið fyrir dómi í Vestur-Skaftafellssýslu, og skipaði, samkvæmt 2. mgr. 30. gr. l. nr. 85/1936 með sérstakri umboðsskrá, dags. 2. september 1983, og viðbótar-umboðsskrá, dags. 22. ágúst 1984, Má Pétursson, héraðsdómara í Hafnarfirði, til þess að fara með mál þetta og dæma, en með honum skipa dóminn þeir Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Stefán Már Stefánsson prófessor.

D ó m s o r ð:

Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla

í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn á Þórisvatni. Lína þessi er mörkuð milli punktanna L - K - J - G á meðfylgjandi uppdrætti.

Framangreind kennileiti hafa eftirtalin hnit:

Hábarmur (punkturinn L) Y 381606,2, X 546993,5.

Kirkjufellsós, þar sem hann rennur úr Kirkjufellsvatni (punkturinn K), Y 386470, X 544910.

Kirkjufellsós, þar sem hann rennur í Tungnaá (punkturinn J), Y 389260, X 544188.

Þveralda (punkturinn G) Y 420640, X 533440.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Skaftártunguhrepps, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 390.000,00 kr., og þegar útlagður kostnaður hans, 30.267,00 kr.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðila, Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda Næfurholts og Hóla, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Árna Grétars Finnssonar hrl., 250.000,00 kr., og þegar útlagður kostnaður hans, 17.695,00 krónur.

Sérálit Stefáns M. Stefánssonar prófessors.

Gögn málsins hafa leitt í ljós, að stefnandi málsins hefur hvorki fyrr né síðar haft afréttarnot af þrætusvæðinu ofan Tungnaár. Því er ekki unnt að taka til greina kröfur stefnanda um tiltekin merki á þessu svæði með hliðsjón af rétti til afréttarnota. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, að því er tekur til svæðanna ofan Tungnaár. Ýmis gögn málsins benda hins vegar til, að stefnandi kunni að eiga önnur réttindi á þessu svæði frá fornu fari, einkum rétt til veiði. Hér eru þó ekki efni til að kanna réttarstöðu stefnanda nánar að þessu leyti, enda hefur hann hvorki gert kröfu um viðurkenningu á slíkum hugsanlegum réttindum né um mörk þeirra.

Með hliðsjón af kröfugerð stefndu og þar sem þeir hafa sannað afréttarnot á hinu umdeilda svæði ofan Tungnaár, tel ég unnt að taka til greina kröfur þeirra í máli þessu með þeim hætti og á sömu forsendum og segir í dómi þessum. Þetta er unnt með hliðsjón af 1., sbr. 8. gr., 1. nr. 41/1919, þótt ekki hafi verið gagnstefnt í málinu. Einnig tel ég nægjanleg rök til

Landmanna- og Kattakreppur og eðgætur
jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallasýslu (stafrönd)

Dómkröfa : G-H-I - Tungnað - J-K-L-M

Áð beðn. Áina Grétars Finnssonar hrl :

"Dómkröfan er samhljóða dómssæti gerðri fyrir auta-
dómþing. Rangárvallasýslu 7 ágúst 1951."

dómshólfur


Stoflártingunhreppur (stafrönd)


Dómkröfa : G-F-E

Teknað að beðni Jóns Stenórs Gunnþugssonar hrl.

'Lína G-E : Söðlatilaga Rangvellinga 4/10 1889"

'Lína G-J-K-L-M : Lýsing Rangvellinga 23/10 1886"





þess að ákvarða slík merki, enda þótt kröfur stefnanda um afréttarmörk verði ekki teknar til greina á þessu svæði.

Að öðru leyti og utan þess, sem sagt er í 10. tölulið, VI. kafla, er ég samþykkur niðurstöðu dóms þessa og forsendum hans í öllum greinum.
